

# SKYLDUR OG ÁBYRGÐ SAMKVÆMT LÖGUM OG REGLUM UM VINNUVERND

## Efnisyfirlit

1. Skilgreiningar
2. Skyldur atvinnurekenda
3. Skyldur verkstjóra
4. Skyldur starfsmanna
5. Skyldur annarra
6. Ábyrgð

## Inngangur

Í þessum leiðbeiningum er dregið saman yfirlit um hverjar eru helstu skyldur sem hvíla á atvinnurekendum, verkstjórum, starfsmönnum og fleiri samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum sem settar hafa verið með heimild í þeim. Mestar skyldur hvíla á atvinnurekendum og ábyrgð þeirra er víðtækust. Margþættar og ákveðnar kröfur eru einnig gerðar til verkstjóra. Afmarkaðri skyldur hvíla á starfsmönnum, innflytjendum, söluaðilum, hönnuðum og þeim sem annast uppsetningu véla- og tækja og viðgerðir og viðhald á þeim.

Bæði sjálfs sín vegna og annarra er brýn ástæða til að allir, sem málið varðar, kynni sér vel efni þessara leiðbeininga. Þekkingin hefur þó því aðeins gildi að henni sé beitt í daglegu starfi, ábyrgðartilfinning sé sýnd í verki. Auk þess að hafa siðferðilegar skyldur í huga má ekki gleyma því að þeir sem ekki rækja lögbundnar skyldur sínar kunna að verða látnir sæta ábyrgð samkvæmt refsiaðkvæðum laganna eða skaðabótareglum sem hafa mótast með úrlausnum dómstóla.

Þessum leiðbeiningunum er ætlað að auðvelda yfirsýn um efnið og gera aðalatriði þess ljós. Að jafnað er skyldum lýst með sama orðalagi og í vinnuverndarlögunum og reglum sem kunna að gilda um ýmis efnisatriði. Nokkrar skýringar fylgja eftir því sem tilefni er til. Að lokum er fjallað um ábyrgð.

## 1. Skilgreiningar

**Atvinnurekandi** merkir í vinnuverndarlögunum hvern þann sem rekur atvinnustarfsemi sem lögin taka til, þ.e. aðra starfsemi en lög um siglingamál og loftferðir gilda um. Framkvæmdastjórar fyrirtækja og þeir sem hafa umsjón með opinberum rekstri teljast atvinnurekendur í merkingu laganna.

**Fyrirtæki** merkir í lögunum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila.

**Verkstjóri** merkir í lögunum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess. (Ákvæði um verkstjóra eiga því við marga sem bera annan starfstítl, s.s. deildarstjóra).

**Starfsmaður** merkir hvern þann sem vinnur launúð störf í annarra þjónustu.

**Vinnuverndarlögin:** Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

## 2. Skyldur atvinnurekenda

Almennar skyldur atvinnurekenda samkvæmt vinnuverndarlögum eru þessar:

- að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað þannig að þar sé framfylgt lögum og settum reglum um vinnuvernd
- að gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu sem kann að vera bundin við starf þeirra og sjá um að þeir fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt að ekki stafi hættu af
- að fara að ákvæðum laga og reglna um að veita öryggistrúnaðarmönnum og Vinnueftirliti upplýsingar, taka þátt í samstarfi um öryggismál og láta fyrirtæki sitt gegna þeirri upplýsinga- og tilkynningaskyldu sem þar eru ákvæði um.

**Skyld að tilkynna vinnuslys:** Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna það lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins símléiðis svo fljótt sem verða má. Alvarleg slys skal tilkynna strax. Skv. „Reglum um tilkynningu vinnuslysa“ er átt við slys sem valda áverka sem valdið getur langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, s.s. ef slasaði missir útlím eða hluta af útlím, beinbrotnar, fer úr liði, fær meiriháttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun. Önnur slys skulu tilkynnt Vinnueftirlitinu á þar til gerðu eyðublaði ef þau valda fjarvist a.m.k. einn dag auk slysadagsins. Tilkynningaskyldan þjónar fyrirbyggjandi tilgangi. Sé hún vanrækt getur það bitnað á atvinnurekanda fyrir dómi.

**Skyld að leita umsagnar og tilkynna um starfsemi og breytingar:** Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis, eða breyta eldra fyrirtæki skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það hvort hin fyrirhugaða starfsemi fullnægi gildandi kröfum og afla tilskilinna leyfa. Með umsókn skal fylgja greinargerð og uppdrættir yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar. Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um að allur útbúnaður sé í fullu lagi. (16. og 96. gr. vinnuverndarlaganna og 2. gr. reglna um húsnæði vinnustaða).

**Eftirlitsbók** skal vera í hverju fyrirtæki/stofnun. Hún kemur frá Vinnueftirlitinu og á að geyma helstu reglur um hlutaðeigandi starfsemi. Þar skal skrá heimsóknir

vinnueftirlitsmanna, meiðsli, eitranir, slys og annað sem varðar öryggi á vinnustaðnum.

**Farandvinnuvélar** skal skrá og skoða árlega.

**Öryggisvörð skal atvinnurekandi tilnefna** séu 10 eða fleiri starfsmenn í fyrirtækinu. Tveir skulu tilnefndir og starfa með öryggistrúnaðarmönnum starfsmanna í öryggisnefnd þar sem 50 eða fleiri starfa. Hlutverk þessara fulltrúa er að fylgjast með því í samvinnu að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við vinnuverndarlögin. (2. kafli laganna. Frekari skilgreining á verkefnum öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna er í Reglum um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja nr. 77/1982, 4. kafli). Gert er ráð fyrir tilnefningu til tveggja ára í senn og skal hún tilkynnt Vinnueftirlitinu.

### Skýringar

*Í lagaákvæðunum, sem fyrst voru rakin, felst það að atvinnurekandi skal láta framfylgja á vinnustað ákvæðum um framkvæmd vinnu (5. kafli vinnuverndarlaganna), vinnustaði (6. kafli), vélar og tækjabúnað (7. kafli), hættuleg efni og vörur (8. kafli). Ennfremur gildandi reglum um húsnæði vinnustaða, öryggisbúnað véla, hávaðavarnir og heyrnareftirlit starfsmanna, mengunarmörk og öðrum reglum sem settar hafa verið af félagsmálaráðuneyti (eða heilbrigðisráðuneyti) um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum. Í því felst m.a. að rými sé nægilegt, loftræsting virk, hávaði undir settu marki, verkpallar í samræmi við öryggiskröfur og viðeigandi persónuhlífar tiltækar. Ennfremur að framfylgt sé í fyrirtækjum ákvæðum í reglum um réttindi til að stjórna vinnuvélum og ákvæðum vinnuverndarlaganna um hvíldartíma og frídaga og vinnu barna og ungmenna.*

*Það liggur í hlutarins eðli að upplýsinga-, þjálfunar-, og tilkynningaskyldu hlýtur atvinnurekandi oft að fela fulltrúa sínum, verkstjóra, deildarstjóra eða öryggisverði. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að það losar hann ekki við ábyrgð á því að þeim kröfum, sem til hans eru gerðar, sé fullnægt. Atvinnurekendum er því nauðsynlegt að fylgjast með því hvernig þeir, sem falið er ábyrgðarhlutverk, gegna því.*

Mikilvægt er að atvinnurekandi og verkstjórar geri sitt til að seljendur véla, tækja og vöru sem inniheldur varasöm efni fullnægi öryggiskröfum um frágang þeirra og að merking og leiðbeiningar séu á íslensku, sbr. 5. kafla í þessum leiðbeiningum.

### 3. Skyldur verkstjóra

Sem daglegur stjórnandi vinnu á vettvangi hlýtur verkstjóri jafnan að gegna lykilhlutverki þegar leitast er við að haga vinnu í samræmi við öryggiskröfur. Sérstakar skyldur eru lagðar á verkstjóra með vinnuverndarlögunum:

- Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekenda og sér um að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum sem hann hefur umsjón með. (21. gr.)
- Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað. (22. gr.)
- Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um að þeim ráðstöfunum sem gerðar eru í því skyni sé framfylgt.
- Verði verkstjóri var við að einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. (23. gr.)

#### Skýringar

*Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekandans á vinnustað og fer í daglegu starfi sínu með rétt hans til að stjórna verkum. Samhliða því hlýtur hann í raun að annast framkvæmd á ýmsum þáttum öryggismála sem atvinnurekanda/fyrirtæki er skylt að sinna, s.s. fræðslu og þjálfun nýliða, viðeigandi meðferð varasamra efna, miðlun upplýsinga og tilkynningaskyldu.*

*Það samstarf, sem ætlast er til að verkstjóri taki þátt í, varðar einkum það innra öryggisstarf sem lýst er í 2. kafla vinnuverndarlaganna og greint er frá hér á undan. Í raun er verkstjóri oft tilnefndur öryggisvörður í fyrirtækjum sem gegna þeirri skyldu að tilnefna þá.*

*Ljóst er að það er jafn-nauðsynlegt fyrir verkstjóra og atvinnurekanda að þekkja þær öryggisreglur sem í gildi eru og varða þau störf er hann stjórnar. Hlutverkið krefst bæði þekkingar, árvekni og myndugleika. Á hæfni af þeim rötum verður verkstjóri að byggja í vandasömum samskiptum sínum: við atvinnurekanda þegar tryggja skal örugg starfsskilyrði - og við starfsmenn þegar öryggisráðstöfunum er framfylgt.*

### 4. Skyldur starfsmanna

Ákvæði vinnuverndarlaganna um skyldur starfsmanna eru á þessa leið:

- Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi og einnig að því að þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti samkvæmt lögum þessum sé framfylgt.
- Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda. (16. og 26. gr.)
- Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarendi vegna viðgerðar eða niðursetningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir, umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu. (27. gr.)

Einnig er tekið fram í 28. gr. laganna að við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar skuli starfsmaður fara eftir þeim öryggisreglum sem gilda þar auk þess sem fylgja skal reglum sem gilda um það verk sem hann á að vinna.

Telji starfsmaður ráðstafanir til að bægja tiltekinni slysa- og sjúkdómshættu á vinnustað frá ekki viðhlítandi skal hann vísa málinu til umfjöllunar öryggisnefndar fyrirtækis, sé hún fyrir hendi, eða til öryggistrúnaðarmanns/öryggisvarða, en ella til Vinnueftirlits ríkisins segir í 16. gr. reglna um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Þá er starfsmönnum og gert skylt að taka þátt í því samstarfi um öryggis- og heilbrigðismál innan fyrirtækja sem lýst er hér í 2. kafla, þ.e. kjósa **öryggistrúnaðarmann** sinn.

#### Skýringar

*Ákvæðin, sem hér er vitnað til, bera þess vitni að skyldur starfsmanna eru afmarkaðar við þrengri svið en skyldur stjórnendanna og varða einkum eigin vinnu og vinnubrögð. Þeim telst skylt að fylgja öryggisreglum hvort sem þær eru settar af fyrirtækinu eða opinberum eftirlitsstofnunum eða ráðuneytum. Slikar reglur varða vítt svið: réttindi til að stjórna vinnuvélum og sprengingum, innra öryggisefirlit við varasöm störf, bann við að fjarlægja öryggishlífar, skyldu til að nota persónuhlífar og margt fleira. Starfsmenn ættu því að reyna að afla sér góðrar þekkingar á öllum reglum, sem þeim er ætlað að fylgja, um þessi efni. Viðkomandi reglur eiga að vera í eftirlitsbók, sbr. 2. kafla.*

*Þar sem lögin skylda starfsmenn til að tilkynna um ágalla styrkir það stöðu þeirra sem láta málin til sín taka og ætti að verða sem flestum hvatning til að gera það. Starfsmenn ættu að notfæra sér réttinn til að kjósa öryggistrúnaðarmann þar sem 10 eða fleiri starfa. Með því móti safnast þekking og vald hjá fulltrúa starfsmanna og meiri von um að skipulega sé unnið að vinnuvernd á staðnum.*

## 5. Skyldur annarra

**Þeir sem selja eða afhenda vélar, tæki og áhöld** skulu sjá um að þau séu merkt í samræmi við ákvæði vinnuverndarlaganna og reglna um vinnuvernd. Ennfremur að vélar og tæki séu með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði. Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með þegar viðkomandi hlutir eru afhentir. (29.- 30. gr. laga nr. 46/1980)

**Þeim sem annast hönnun** á vélum, tækjum, búnaði, framleiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og öðrum mannvirkjum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, er ætlað að fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við hönnunarstarf sitt. (32. gr.)

**Þeir sem selja eða afhenda eiturefni, hættuleg efni eða vörutegundir sem innihalda slík efni** skulu fylgja reglum sem gilda um gerð þeirra og merkingu, þ.á.m. að þar séu viðeigandi varnaðarmerki, hættusetningar og varnaðarsetningar sem skilgreind eru í þeim. (Reglugerð nr. 236/1990).

**Vinnueftirlit ríkisins** hefur skv. vinnuverndarlögunum það verkefni að hafa eftirlit með að lögunum og þeim reglum, sem settar hafa verið um vinnuvernd, sé framfylgt. Sú skylda léttir ekki ábyrgð af atvinnurekendum eða öðrum að neinu leyti.

## 6. Ábyrgð

Í ákvæðum laga og reglna felst að atvinnurekandi ber ábyrgð á að hægt sé að framkvæma vinnu þannig ekki skapist hætta á slysum eða heilsutjóni; hann ber höfuðábyrgð. Enda ræður hann skipulagi á vinnustaðnum og fjarveitingum til úrbóta sé þeirra þörf.

Þá sem gegna ekki þeim skyldum, sem á þeim hvíla samkvæmt lögum, má láta sæta ábyrgð

samkvæmt þeim. Það gildir vitaskuld jafnt um þá sem brjóta lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þá sem brjóta önnur lög. Vert er að athuga að komi slík brot til kasta dómstóla þá er dæmt með tilliti til bæði laga og reglugerða og reglna sem sett eru samkvæmt þeim. Enda má skoða reglurnar sem útfærslu á lögunum og jafngildi þeirra sem viðmiðun. Brot gegn vinnuverndarlögunum varða sektum nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Það er ekki mikið að finna í lögum um skaðabótaskyldu og rétt manna til skaðabóta. Reglur um þetta hafa smám saman mótast af úrlausnum dómstóla. Meginreglan er sú að menn bera ekki ábyrgð á tjóni, nema þeir verði taldir eiga sök á því. Brot á öryggisreglum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi valda skaðabótaskyldu, ef aðrir bíða tjón af þeim sökum. Eins og áður er rakið leggja lögin skyldur á atvinnurekendur, verkstjóra og starfsmenn og þeir geta hver um sig talist bera skaðabótaábyrgð. Dómur um skaðabætur vegna vinnuslyss gæti t.d. fallið á þann veg að hinn slasaði (tjónþolinn) beri nokkra sök á því sem gerðist og skuli því fá minni bætur en ella úr hendi atvinnurekanda teljist hann bera sökina að öðru leyti. Verkstjórar geta orðið skaðabótaskyldir vegna athafna sinna eða vanrækslu gagnvart atvinnurekanda sínum, samstarfsmönnum sínum eða þriðja aðila.

Skyldur manna og ábyrgð ber ekki að meta eingöngu með hliðsjón af lögum og reglum þótt hér sé einkum fjallað um þá viðmiðun. Viðfangsefnið má einnig skoða frá siðferðilegu sjónarmiði, kröfu um að sýna ábyrgðartilfinningu. T.d. má segja að það sé siðferðileg skylda stjórnenda og starfsmanna á vinnustöðum að kynna sér hvaða skyldum þeir eiga að gegna þar. Ábyrgðarkennd þeirra birtist síðan í verki. Verkum sem bera vitni um að allir hlutaðeigandi geri sér grein fyrir að líf og heilsa fólks er í húfi.

### Leitið upplýsinga

*Þeir sem kunna að vera í vafa um hlutverk sitt, skyldur og gildandi lög og reglur um hollustuhætti og öryggi á vinnustað geta leitað upplýsinga og ráða hjá Vinnueftirliti ríkisins. Eftirlitsmenn stofnunarinnar og sérfræðingar annast úttekt og ráðgjöf bæði almennt og þegar sérstök vandamál steðja að. Hjá stofnunni má fá öll gögn sem hér hafa verið nefnd og önnur er málið varða.*